

Ársskýrsla Border Collie 2019

Heilmikið líf var hjá Border Collie 2019, hjá Hundaræktarfélaginu voru gefnar út 48 ættbækur, fyrir Border Collie 2019. Mér telst til að um sé að ræða 8 got þar af 3 fædd 2018 sem voru ekki skráð fyrir en 2019. Þau voru hjá í eftirfarandi röð, hjá Orkuræktun fæddust 5 hvolpar þann 12.09.2018 undan meistara Lucky For You Blue Dark Side of The Sky HIT og íslenskum ungliðameistara Lucky For You Soul With Orku. Hjá Hugaraflsræktun fæddust 4 hvolpar þann 04.11.2018 undan Avatar Rio Trio og Meistara Hugarafls Skrautu HIT og hjá Orkuræktun komu svo 7 hvolpar þann 22.12.2018 undan Prince Of The Night og Orku Bee. Síðan á árinu 2019 með ættbók útgefna sama ár voru eftirfarandi got. Þann 10.03.2019 fæddust 5 hvolpar hjá Orkuræktun undan meistara Lucky For You Just Give Me a Reason og Orku Icelandic Sweet Temptation . Þann 27.04.2019 fæddust 5 hvolpar hjá Goðaborgarræktun undan Avatar Rio Trio og meistara Heimsenda Hugbrún HIT. Þann 21.05.2019 komu 8 hvolpar hjá Mánaskálarræktun undan Prince Of The Night og Orku Brá HIT. Þann 26.06.2019 komu 6 hvolpar hjá Hugaraflsræktun undan meistara Hugarafls Hróð og meistara Heimsenda Hugmynd HIT og að lokum þann 20.08.2019 komu 7 hvolpar hjá Orkuræktun undan meistara Lucky For You Just Give Me a Reason og Orku Bee. Þetta gera 47 skráðir hvolpar að auki var gefin út ný ættbók á 1 fullorðinn hund Orku Giorgio Armani þar sem faðerni var rangt í fyrri ættbók.

Einnig fæddist 1 got hjá Orkuræktun þann 09.09.2019 með 6 hvolpa undan meistara Lucky For You Just Give Me a Reason og meistara Orku Venus Sign of true love HIT en það fékk ættbók í janúar 2020 og telst því ekki með í fyrri tölu.

11 augnskoðanir fóru fram á árinu, þar af kom 1 hundur 2x og 2 hundar fengu úrskurð um ræktunnarbann vegna Cataracts, sá fyrri kom aftur í lok árs og var þá ekki greindur með Cataract.

1 hundur fékk skráða niðurstöðu úr mjaðmamyndun Goðaborgar Blíða HD frí A1

Eftirfarandi hundar fengu nýja meistaratitila á árinu

Hugarafls Hróður hlaut Norðurlandameistaratitil og Alþjóðlegan meistaratitil

Heimsenda Hugbrún hlaut Alþjóðlegan titil

Orku Venus Sign of true love hlaut Íslenskan meistaratitil

3 hundar urðu Íslenskir sýningarmeistarar á árinu

Lucky For You Soul With Orku

Orku Giorgio Armani

Orku Icelandic Black Liquorice

RW 19 Titlana hlutu Orku Vetrar Tvenna og Orku Giorgio Armani.

Heiðraðir á aðventukvöldinu voru

Stigahæsti Border Collie 2019 sem var Orku Icelandic Black Liquorice með 8 stig

Stigahæsti Öldungurinn Hugarafls Skrauta

Stigahæsti ræktandinn Orkuræktun með 32 stig

Við tókum þátt í Garðheimakynningunum á árinu og gekk það vel.

Gaman að segja frá því að það var haldið Smalaeðlispróf eftir nýju FCI reglunum og þreyttu 10 hundar prófið. 7 hlutu Excellent þau Hugarafis Hrói, Hugarafis Elja, Heimsenda Bliki, Orku Giorgio Armani, Orku Icelandic Black Liquorice, Orku Bee og Orka, 2 hlutu Good þær Azasara Go Go Vista og Fly And Away Accio Píla og 1 fékk Insufficient hann Orku Máni.

Skýrsla færð eftir bestu vitund eftir gögnum tengiliðar þann 15.02.2020

Guðrún Sigríður Sigurðardóttir tengiliður Border Collie.